

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

4. maí 2018

nefnasvid@althingi.is

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (samtökin) sendu inn umsögn um málið þegar það var til umfjöllunar á 146. þingi fyrir tæpu ári síðan. Samtökin töldu þá að frumvarpið markaði málaflokknum eðlilegan ramma og eru enn sömu skoðunar.

Eins og fram kemur í 1. og 9. kafla greinargerðar með frumvarpinu á það sér langan aðdraganda. Samtökin hafa áður sent inn umsagnir til ráðuneytis umhverfis- og auðlindamála um væntanlegt frumvarp og um frumvarpsdrög. Auk þessa tóku samtökin fullan þátt í samráðsferli vegna mótunar landsskipulagsstefnu sem unnin var í aðdraganda þess að ákveðið var að ráðast í sérstaka lagasetningu um skipulag haf- og strandsvæða.

Meginathugasemd samtakanna á fyrri stigum var að ekki væri gert ráð fyrir þátttöku hagsmunaaðila í svokölluðum svæðisráðum og að mikilvægt væri að samtökin ættu fulltrúa í þessum ráðum. Þeirri ósk samtakanna var jafnan hafnað af hálfu ráðuneytisins þar sem um væri að ræða nefndir sem taki stjórnsýsluákvæðanir og því væri ekki unnt að hafa hagsmunaaðila þar innan borðs.

Nú ber svo við að gert er ráð fyrir í frumvarpinu að umhverfisverndarsamtök tilnefni áheyrnarfulltrúa og varamann til setu í svæðisráði. Það er gert að tillögu Umhverfisstofnunar en athygli vekur eins og lýst er ágætlega í greinargerð með frumvarpinu að umhverfisverndarsamtök hafa aldrei sent inn umsögn um málið meðan það var á vinnslustigi né þegar umhverfis- og samgöngunefnd óskaði umsagna fyrir um ári síðan.

Samtökin óska því eindregið að fá að tilnefna áheyrnarfulltrúa í svæðisráð og leggja að eftirfarandi málsliður bætist við 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins: *Samtök atvinnulífsins skulu tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í svæðisráð og einn til vara.*

Þetta er sérstaklega mikilvægt til að tryggja að rödd þeirra heyrst sem fara með hagsmuni sem taldir eru upp í byrjun 9. kafla greinargerðar með frumvarpinu: „Frumvarp þetta hefur fyrst og fremst áhrif á þá aðila sem hafa hagsmuni af nýtingu og vernd auðlinda haf- og strandsvæða. Þar er m.a. um að ræða starfsemi vegna orkuvinnslu, mannvirkjagerðar, eldis eða ræktunar nytjastofna, efnistöku, verndarsvæða, vatnsverndar, umferðar og samgangna, útivistar og ferðaþjónustu, fiskveiða o.fl.“

Virðingarfyllst,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi